

From: Steindór Ingi Þórarinnsson <steini@veraldarvinir.is>

Sent: miðvikudagur, 28. nóvember 2018 11:24

To: skeidgnup@skeidgnup.is

Subject: Samstarf 2019

Góðan dag

Við höfum mikinn áhuga á samstarfi við ykkur á árinu 2019 og erum viss um að báðir aðilar gætu haft hag af því samstarfi.

Veraldarvinir eru íslensk félagasamtök sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða. Samtökin voru stofnuð í júní 2001 og hafa frá upphafi haft umhverfismál í öndvegi. Markmið samtakanna er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og betri umgengni manna við umhverfi sitt. Við nálgumst markmið okkar með alþjóðlegu samstarfi og sjálfbóðaliðastarfi og skipulagningu umhverfis- og menningartengdra verkefna í samvinnu við sveitarfélög, fyrirtæki, ferðaþjónustuaðila og frjáls félagasamtök. Veraldarvinir eru brautryðjendur í skipulagningu slíkra verkefna hér á Íslandi.

Frá árinu 2003 höfum við tekið á móti 17.119 erlendum sjálfbóðaliðum en árið 2018 eru þeir 1.806 og skiptast í 156 fjölbreytileg verkefni vítt og breytt um landið.

- Hóparnir eru fjölþjóðlegir og eru yfirleitt 6 til 20 manns í hverjum hópi.
- Þau dvelja í flestum tilvikum í tvær vikur í senn og vinna sex tíma á dag fimm daga vikunnar,
- þau greiða sjálf undir sig til Íslands.
- Þeir sem unnið er fyrir sjá hópunum yfirleitt fyrir fæði og húsnæði en sjálfbóðaliðarnir elda sjálfir. Húsnæðið er yfirleitt í skólum eða öðrum slíkum byggingum.
- Þetta er yfirleitt harðduglegt fólk á aldrinum 20 - 30 ára en aldursmörk eru frá 18 ára og upp úr. Í ár var elsti þátttakandinn 75 ára.
- Veraldarvinir útvega hópstjóra sem stýra hópunum, yfirleitt eru einn til tveir hópstjórar í hverjum hópi.
- Verkefnin eru að af ýmsu tagi til að mynda plöntun, grisjun, hreinsun, málningarvinna, lagning og viðgerð göngustíga, stikun og hverskyns vinna sem tengist fegrin og verndun umhverfisins. Við sinnum líka í auknum mæli fræðslu tengdri náttúru Íslands og umgengni um hana

Sem dæmi um menningartengd verkefni sem við höfum unnið að á síðustu árum má nefna:

Blómstrandi dagar í Hveragerði

Menningarnótt í Reykjavík

Danskir dagar í Stykkishólmi

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum

Iceland airwaves í Reykjavík

RIFF kvikmyndahátíð í Reykjavík

Kátir dagar á Þórshöfn

Fjölskyldudagar í Vogum

Lunga á Seyðisfirði

Aldrei fór ég suður á Ísafirði

Veraldarvinir hafa komið að fjölda umhverfisverkefna um land allt á liðnum árum. Árið 2008 fengum við umhverfisverðlaun LÍÚ fyrir hreinsun strandlengju Íslands

Ef þið sjáið flöt á samstarfi þá getum við komið í heimsókn hvenær sem ykkur hentar.

Virðingarfyllst, Steindór Ingi Þórarinnsson

Verkefnastjóri Veraldarvinir S. 868-2324